

FOSSAR MARKAÐIR HF.

REGLUR UM RÁÐSTAFANIR GEGN HAGSMUNAÁREKSTRUM

1. Tilgangur og gildissvið

- 1.1. Reglur þessar eru settar á grundvelli 34. gr. framseldrar reglugerðar ESB nr. 2017/565 um skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja, sbr. 32. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.
- 1.2. Markmið reglna þessara er að gera viðeigandi ráðstafanir til að greina og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra við veitingu fjárfestingar-, eða viðbótarþjónustu.
- 1.3. Hagsmunaárekstrar sem skaðað geta hagsmuni viðskiptavina Fossa markaða hf. (hér eftir „Fossar“) geta komið upp á milli:
 - 1.3.1. Fossa annars vegar, þ.m.t. starfsmanna þess, einkaumboðsmanna eða aðila sem eru tengdir Fossum vegna yfirráða og viðskiptavina Fossa hins vegar; og
 - 1.3.2. viðskiptavina Fossa innbyrðis.
- 1.4. Reglur þessar eiga við um fjárfestingarþjónustu og -starfsemi Fossa og, ef við á, viðbótarþjónustu sem Fossar veita viðskiptavinum sínum.
- 1.5. Til starfsmanna Fossa samkvæmt reglum þessum teljast eftirfarandi aðilar:
 - 1.5.1. Stjórnarmaður, meðeigandi eða samsvarandi aðili, stjórnandi eða einkaumboðsmaður Fossa;
 - 1.5.2. Stjórnarmaður, meðeigandi eða samsvarandi aðili, eða stjórnandi hjá einkaumboðsmanni Fossa;
 - 1.5.3. Starfsmaður Fossa eða einkaumboðsmanns félagsins, eða hver sá einstaklingur sem starfar undir stjórn Fossa eða einkaumboðsmanns þess og á þátt í að veita fjárfestingarþjónustu Fossa;
 - 1.5.4. Einstaklingar sem á beinan þátt í að veita fjármálafyrirtæki eða einkaumboðsmanni þess þjónustu á grundvelli samnings um útvistun fjárfestingarþjónustu.

2. Greining hagsmunaárekstra

- 2.1. Í hvert sinn sem Fossar veita fjárfestinga- og/eða viðbótarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi skal metið hvort félagið, starfsmaður þess eða aðili sem beint eða óbeint er tengdur félaginu í gegnum yfirráð:
 - 2.1.1. sé líklegur til að njóta fjárhagslegs ágóða eða forðast fjárhagslegt tap á kostnað viðskiptavinarins;

- 2.1.2. hafi annarra hagsmuna að gæta en viðskiptavinur af niðurstöðu þjónustu sem viðskiptavininum er veitt eða viðskipta sem framkvæmd eru fyrir hönd viðskiptavinarins;
- 2.1.3. hafi fjárhagslegan hvata eða annars konar hvata til þess að setja hagsmuni annars viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina fram hagsmunum hlutaðeigandi viðskiptavinar;
- 2.1.4. stundi sams konar rekstur og viðskiptavinurinn; eða
- 2.1.5. taki við eða muni taka við hvatagreiðslu í formi fjárhagslegs eða ófjárhagslegs ávinnings eða þjónustu frá aðila öðrum en viðskiptavininum í tengslum við veitingu þjónustu til viðskiptavinarins.

3. Mögulegir hagsmunaárekstrar hjá Fossum

- 3.1. Í ljósi þjónustu Fossa má ætla að hagsmunaárekstrar geti skapast milli félagsins annars vegar og viðskiptavina þess hins vegar og viðskiptavina félagsins innbyrðis, m.a. með eftirfarandi hætti:
 - 3.1.1. Tveir eða fleiri viðskiptavinir óska eftir að kaupa fjármálagerning sem takmarkað framboð er af;
 - 3.1.2. Fossar eða starfsmanni félagsins er afhent gjöf eða einhverskonar umbun (m.a. ófjárhagsleg verðmæti) sem mögulega geta haft áhrif á hegðun viðkomandi þvert á hagsmuni viðskiptavina félagsins;
 - 3.1.3. Fyrirtækjaráðgjöf Fossa kann að vera samningsbundin við tiltekið fyrirtæki, en verðbréfamíðlun Fossa samtímis að miðla hlutabréfum útgefnum af því;
 - 3.1.4. Fossar kunna að vilja fjárfesta fyrir eigin reikning í fjármálagerningi sem viðskiptavinur vill einnig fjárfesta í;
 - 3.1.5. Fossar kunna að koma að viðskiptum sem bæði lánveitandi og ráðgjafi viðskiptavinar;
 - 3.1.6. Fossar kunna að veita þjónustu, svo sem ráðgjafar- eða fjármögnunarþjónustu, til tveggja eða fleiri viðskiptavina sem eru í beinni samkeppni sín á milli.
- 3.2. Fossar munu sérstaklega gæta að mögulegum hagsmunaárekstrum í eftirfarandi starfsemi sinni:
 - 3.2.1. verðbréfamíðlun,
 - 3.2.2. eigin viðskiptum,
 - 3.2.3. eignastýringu,
 - 3.2.4. fjárfestingarráðgjöf og
 - 3.2.5. fyrirtækjaráðgjöf.

4. Ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra

- 4.1. Í því skyni að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstra í starfsemi Fossa hefur félagið gripið til eftirfarandi aðferða og ráðstafana:

- 4.1.1. Takmarkanir eru lagðar við eigin viðskiptum starfsmanna Fossa;
- 4.1.2. Starfssvið hafa verið aðskilin. Með því er átt við eigin viðskipti, markaðsviðskipti, eignastýring, fyrirtækjaráðgjöf og bakvinnsla hafa verið aðskilin í stjórnun, afkomu, húsnæði, upplýsingakerfum, skjalavörslu og með reglum um samskipti milli sviða.
- 4.1.3. Reglur um hvatagreiðslur setja móttöku hvata og umbuna verulegar skorður og þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði.
- 4.1.4. Reglum um að starfsmenn einstakra starfseininga starfi ekki innan annarra starfssviða, sem aðgreind eru, nema með samþykki regluvarðar, sem skráir slík tilvik.
- 4.1.5. Innra regluverki sem m.a. kveður á um fjárfestingarþjónustu Fossa, starfsmanna, stjórnarmanna og eigenda virkra eignarhluta, stjórnarsetu framkvæmdastjóra og starfsmanna utan félagsins og öryggis- og samskiptareglur starfsmanna.
- 4.1.6. Fossar veita viðskiptavinum upplýsingar um það að hópur starfsmanna séu hluthafar í félaginu geti notið arðs af rekstri þess.
- 4.1.7. Fossar veita viðskiptavinum upplýsingar, ef við á, um tengsl þeirra við rekstraraðila þeirra sjóða sem mælt er með kaupum á.
- 4.1.8. Fossar varðveita upplýsingar sem auðvelda greiningu og meðhöndlun hagsmunaárekstra í öruggu umhverfi.
- 4.1.9. Fossar framkvæma reglulega endurskoðun á reglum þessum sem og innri verkferlum félagsins.
- 4.1.10. Upplýsingaskiptum milli aðila innan félagsins sem fela í sér hættu á hagsmunaárekstri er stýrt.
- 4.1.11. Eftirlit er haft með aðilum sem hafa það að meginhlutverki innan félagsins að sinna starfsemi fyrir hönd viðskiptavina sem eiga hagsmuna að geta sem geta stangast á.
- 4.1.12. Bein tengsl starfskjara á milli verksviða eða milli tekna sem starfsmenn skapa hafa verið afnumin á þeim verksviðum sem til hagsmunaárekstra getur komið.
- 4.1.13. ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða takmarka óviðeigandi áhrif nokkurs aðila á það hvernig viðkomandi aðili sinnir fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu eða starfsemi,
- 4.1.14. Starfsmaður getur ekki tekið þátt í samtímis, eða í beinu framhaldi, mismunandi þjónustu eða starfsemi ef slík þátttaka kann að skaða viðhlítandi stýringu hagsmunaárekstra.
- 4.1.15. Aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmunum viðskiptavina.

5. Reglur um þóknarir, umboðslaun og annan ávinning við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu

- 5.1. Þóknarir, umboðslaun og annar ávinningur, sem Fossar móttaka eða láta af hendi til þriðja aðila í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu, getur verið til þess fallinn að valda hagsmunaárekstrum í starfsemi Fossa.

- 5.2. Fossum er óheimilt að greiða eða fá greidda þóknun eða umboðslaun eða láta í té eða taka á móti ófjárhagslegum ávinningi í tengslum við fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu af hálfu aðila öðrum en viðskiptavini, nema greiðslan eða ávinningurinn:
 - 5.2.1. sé til þess fallinn að efla gæði viðkomandi þjónustu við viðskiptavininn;
 - 5.2.2. komi ekki í veg fyrir að Fossar starfi heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku í samræmi við hagsmuni viðskiptavina sinna; og að
 - 5.2.3. viðskiptavinurinn sé upplýstur um viðkomandi greiðslu eða ávinning áður en þjónustan er veitt.
- 5.3. Fossum er óheimilt að taka við og halda eftir þóknunum, umboðslaunum eða öðrum fjárhagslegum eða ófjárhagslegum ávinningi sem þriðji aðili greiðir eða lætur í té í tengslum við veitingu eignastýringarþjónustu og óháðrar fjárfestingarráðgjafar til viðskiptavina.
- 5.4. Þrátt fyrir grein 5.3 er Fossum heimilt, við veitingu eignastýringarþjónustu, að taka við og halda eftir minniháttar ófjárhagslegum ávinningi frá þriðja aðila sem:
 - 5.4.1. getur eflt gæði þeirrar þjónustu sem viðskiptavininum er látin í té;
 - 5.4.2. er í þeim mæli og af þeim toga að hann kemur ekki í veg fyrir að Fossar uppfylli skyldu sína til að vinna að hagsmunum viðskiptavinarins; og að
 - 5.4.3. upplýst sé um hann á skýran hátt áður en viðkomandi þjónusta er veitt.
- 5.5. Eftirfarandi telst vera minniháttar ófjárhagslegur ávinningur:
 - 5.5.1. upplýsingar um fjármálagerning eða fjárfestingarþjónustu sem eru almenns eðlis eða einstaklingsmiðaðar til að endurspeglar aðstæður viðskiptavinar;
 - 5.5.2. skriflegt efni frá þriðja aðila sem er pantað og greitt fyrir af útgefanda eða þriðja aðila fyrir hönd útgefanda og birt er á sama tíma öllum verðbréfafyrirtækjum sem þess óska eða almenningi;
 - 5.5.3. þátttaka í ráðstefnum, málstofum og öðrum námskeiðum um ávinning af og eiginleika tiltekins fjármálagernings eða fjárfestingarþjónustu;
 - 5.5.4. risna að verðmæti sem telst eðlilegt og óverulegt, svo sem matur og drykkur á viðskiptafundi eða ráðstefnu; eða
 - 5.5.5. annar minniháttar ófjárhagslegur ávinningur sem talinn er geta bætt þjónustu sem veitt er viðskiptavini og er slíkur að umfangi og þess eðlis að ólíklegt sé að hann dragi úr hlútni við þá skyldu Fossa að þjóna hagsmunum viðskiptavinarins sem best.
- 5.6. Allar þóknanir, umboðslaun og fjárhagslegur ávinningur sem tekið er við frá þriðja aðila í tengslum við óháða fjárfestingarráðgjöf og eignastýringu skulu renna að fullu til viðskiptavinarins eins fljótt og unnt er eftir móttöku.
- 5.7. Greiðsla þóknana, umboðslauna og annars ávinnings telst til þess fallinn að auka gæði þjónustu ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - 5.7.1. hann er réttlætanager á grundvelli viðbótarþjónustu eða þjónustu á hærra stigi við viðkomandi viðskiptavin, í hlutfalli við móttækinn hvata;

- 5.7.2. hann veitir Fossum, hluthöfum Fossa eða starfsfólki ekki ávinning með beinum hætti án áþreifanlegs ávinnings fyrir viðkomandi viðskiptavin; og
- 5.7.3. hann er réttlættur með því að viðkomandi viðskiptavini er veittur viðvarandi ávinningur í tengslum við viðvarandi hvata.
- 5.8. Þóknanir, umboðslaun og annar ávinningur samkvæmt þessari grein tekur ekki til greiðslna eða ávinnings sem gerir Fossum kleift að veita eða er nauðsynlegur vegna veitingar fjárfestingarþjónustu, svo sem vörslu-, uppgjör- og viðskiptakostnaður, eftirlitsgjöld eða kostnaður vegna lögfræðiþjónustu eða annað sem getur ekki, eðli sínu samkvæmt, hindrað Fossa í að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku þannig að það samræmist hagsmunum viðskiptavina Fossa.
- 5.9. Í tengslum við allar greiðslur eða ávinning sem tekið er við frá þriðja aðila eða honum er látinn í té skulu Fossar veita viðskiptavininum eftirfarandi upplýsingar:
- 5.9.1. áður en viðkomandi fjárfestingar- eða viðbótarþjónusta er veitt skulu Fossar upplýsa viðskiptavin um tilvist, eðli og fjárhæð greiðslu eða ávinnings;
- 5.9.2. sé Fossum ókleift að ákvarða fyrir fram fjárhæð greiðslu eða ávinnings með vissu skal upplýsa hvaða aðferð er notuð til útreiknings á henni;
- 5.9.3. sé ekki unnt að upplýsa viðskiptavin fyrir fram um slíka greiðslu skal það gert eins fljótt og kostur er á að loknum viðskiptum; og
- 5.9.4. ef þjónusta sem Fossar veita er viðvarandi skal upplýsa viðskiptavin að minnsta kosti árlega um slíkar greiðslur.
- 5.10. Til þess að sýna fram á að allar þóknanir, umboðslaun eða ófjárhagslegur ávinningur sem Fossar láta í té eða móttaka hafi þann tilgang að bæta viðkomandi þjónustu við viðskiptavininn skulu Fossar:
- 5.10.1. halda innri skrá yfir allar þóknanir, umboðslaun og ófjárhagslegan ávinning sem Fossar fá frá þriðja aðila í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu; og
- 5.10.2. skrá hvernig þóknanir, umboðslaun og ófjárhagslegur ávinningur sem Fossar láta í té eða fá, eða sem Fossar hyggjast nota, bætir þjónustuna sem veitt er viðkomandi viðskiptavinum og hvaða ráðstafanir eru gerðar til að draga ekki úr hlítni við þá skyldu Fossa að starfa heiðarlega, af sanngirni og faglega þannig að hagsmunum viðskiptavinarins sé þjónað sem best.

6. Aðgreining starfssviða og upplýsingatakmarkanir

- 6.1. Til að draga úr líkum á hagsmunaárekstrum leitast Fossar við að takmarka aðgang að trúnaðarupplýsingum við þá aðila sem að mati stjórnenda félagsins hafa raunverulega þörf fyrir slíkar upplýsingar við framkvæmd starfa sinna. Lykilatriði í aðgerðum Fossa til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra er aðskilnaður starfssviða, sem mælt er fyrir um í verklagsreglum Fossa um fjárfestavernd og viðskiptahætti. Tilgangur aðskilnaðarins er að koma í veg fyrir óviðeigandi ótakmarkað upplýsingaflæði á milli mismunandi deilda Fossa. Með þessu móti er stuðlað að því að starfsmenn Fossa geti sinnt daglegum verkefnum fyrir viðskiptavini félagsins án þess að verða fyrir áhrifum annarra upplýsinga, sem til staðar kunna að vera innan félagsins og gætu leitt til hagsmunaárekstra.

- 6.2. Ef sérstakt tilefni er til, vegna einstakra verkefna eða upplýsinga, geta Fossar sett upp sérstakan aðskilnað eða viðhaft sambærilegar ráðstafanir.

7. Auknar ráðstafanir

- 7.1. Við meðhöndlun tiltekins hagsmunaáreksturs getur verið viðeigandi að grípa til aukinna ráðstafana ef hefðbundnar ráðstafanir nægja ekki til að fyrirbyggja hagsmunaárekstra sem valdið geta skaða á hagsmunum viðskiptavina. Ávallt skal tekin sérstök ákvörðun af framkvæmdastjóra um beitingu slíkra ráðstafana. Slíkar viðbótarráðstafanir geta meðal annars falið í sér eftirfarandi aðgerðir:
- 7.1.1. Að viðhöfðu sérstöku mati á viðkomandi tilfelli geta Fossar komið upp sérstökum aðskilnaði eða beitt annars konar ráðstöfunum til að takmarka upplýsingaflæði meira en kveðið er á um stefnu þessari;
 - 7.1.2. Fossar geta gert auknar kröfur til stjórnenda félagsins um aðgerðir og mat á áhættu vegna mögulegra hagsmunaárekstra;
 - 7.1.3. Fossar geta ákveðið að viðhafa sérstakt eftirlit með starfsmönnum sem annast verkefni fyrir hönd viðskiptavina, hverra hagsmunir geta stangast á, eða koma að öðru leyti fram fyrir aðra hagsmuni sem geta stangast á við hagsmuni viðskiptavina, þ.m.t. hagsmuni félagsins;
 - 7.1.4. Fossar geta ákveðið að viðhafa sérstakar ráðstafanir til að takmarka eða stýra aðstæðum þar sem starfsmenn félagsins taka samtímis, eða í beinu framhaldi, þátt í mismunandi verkefnum;
 - 7.1.5. Fossar geta neitað að framkvæma tiltekin viðskipti telji félagið ekki mögulegt að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Áður en slík ákvörðun er tekin skulu Fossar upplýsa viðkomandi viðskiptavin um þá hagsmunaárekstra sem um er að ræða þannig að hann geti látið í ljós upplýsta ákvörðun sína varðandi áframhald viðskipta.

8. Veiting upplýsinga um hagsmunaárekstra

- 8.1. Ef ráðstafanir samkvæmt framangreindu veita ekki vissu fyrir því að hagsmunir viðskiptavina sé nægilega gætt skal gripið til eftirfarandi ráðstafana áður en til viðskipta er stofnað eða þau framkvæmd:
- 8.1.1. Upplýsa viðskiptavininn um eðli og/eða ástæður mögulegra hagsmunaárekstra og hvaða ráðstafanir voru gerðar til að draga úr hættunni.
 - 8.1.2. Veittar upplýsingar skulu vera nægjanlega ítarlegar, með hliðsjón af því hvers konar viðskiptavin um ræðir, til að hann geti tekið upplýsta ákvörðun að því er varðar þá þjónustu sem hagsmunaárekstur kann að tengjast.
 - 8.1.3. Upplýsingagjöfin skal vera á varanlegum miðli og tilkynnt regluverði.
- 8.2. Regluvörður heldur skrá og geymir á tölvutæku formi upplýsingar um þau atvik sem upp koma þar sem skapast hafa hagsmunaárekstrar sem hafa í för með sér raunverulega hættu á því að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptavina geti skaðast, eða í þeim tilvikum þar sem þjónusta er viðvarandi eða slíkt geti átt sér stað. Starfsmenn Fossa skulu senda regluverði tilkynningu á tölvupósti þegar framangreind atvik koma upp.

9. Eftirlit með reglum um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum

- 9.1. Regluvörður annast eftirlit með framkvæmd reglum þessara.
- 9.2. Starfsmenn Fossa skulu bera undir regluvörð álitafni um mögulega hagsmunaárekstra sem upp koma í daglegri starfsemi félagsins. Regluvörður skal gera framkvæmdastjóra eða, eftir atvikum, stjórn félagsins grein fyrir hættu á mögulegum hagsmunaárekstrum sem hann verður var við í starfi sínu.
- 9.3. Regluverði er heimilt að stöðva framkvæmd viðskipta telji hann hættu á hagsmunaárekstrum. Hafi viðskipti þegar átt sér stað og regluvörður telur að hagsmunir viðskiptavinar hafi mögulega skaðast vegna hagsmunaárekstra skal hann gera framkvæmdastjóra viðvart og gera tillögur um viðeigandi viðbrögð.
- 9.4. Í árlegri skýrslu sinni til stjórnar skal regluvörður fjalla um hagsmunaárekstra, framkvæmd reglna þessara og, ef við á, starfshætti starfsmanna.

10. Endurskoðun og birting

- 10.1. Reglur þessar skulu sæta endurskoðun að minnsta kosti árlega. Við þá endurskoðun skal m.a. líta til skilvirkni reglnanna í framkvæmd bæði fyrir starfsemi Fossa í heild og starfsemi einstakra starfseininga.
- 10.2. Reglurnar skulu einnig sæta endurskoðun með hliðsjón af breytingum á starfsemi Fossa og breytingum á lagaumhverfi félagsins.
- 10.3. Fossar skulu upplýsa viðskiptavini um breytingar á reglum þessum með því að birta nýjar reglur á heimasíðu sinni.
- 10.4. Reglur þessar taka gildi við undirritun og skulu birtar á heimasíðu Fossa.

Samþykkt af stjórn Fossa þann 15. maí 2015

Endurskoðað og samþykkt af stjórn Fossa þann 1. mars 2019

Endurskoðað og samþykkt af stjórn Fossa þann 14. janúar 2022

rafrænt undirritað